

13. maí 1966.

63

Nr. 37.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 67 21. maí 1965, um breyting á lögum nr. 51  
10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að í lög um álagningu útsvara vanti ákvæði um breytingu á persónufrádrætti og á þrepum í útsvarsstiga til samræmis við þau ákvæði, sem nú gilda um álagningu tekjuskatts, samkvæmt lögum nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt. Þar eð þörf slíkra breytinga sé sízt minni við álagningu útsvara en við álagningu tekjuskatts, beri brýna nauðsyn til þess að setja nú þegar lög, sem ákveði, að skattvísitala samkvæmt 53. gr. laga nr. 90/1965, gildi einnig um álagningu tekjuútsvara, samkvæmt lögum nr. 67/1965.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Frá og með gjaldárinu 1966 er skylt að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 67/1965 svo og þrepin í útsvarsstiga þeim, sem um ræðir í 3. gr. sömu laga í samræmi við skattvísitölu, samkvæmt 53. gr. laga nr. 90 frá 1965.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1966.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**  
(L. S.)

*Magnús Jónsson.*